



30. Júní 2008

**RÁÐHERRAFUNDUR FRÍVERSLUNARSAMTAKA EVRÓPU,
LUGANO, 30. júní 2008**

FRÉTTATILKYNNING¹

Ráðherrar EFTA-ríkjanna lögðu áherslu á að mikilvægt væri að fjölga fríverslunarsamningum á vegum EFTA. Þeir lýstu ánægju yfir því að samningur við Kanada var undirritaður fyrr á þessu ári og að samningur við tollabandalag Suður-Afríkuríkja (SACU) tók gildi hinn 1. maí 2008. Ennfremur sögðu þeir ánægjulegt að nýlega hefði lokið viðræðum um fríverslunarsamninga við Samstarfsráð Persaflóaríkja og Kólumbíu. Þeir sögðu fagnaðarefni að samningaviðræður við Indland væru hafnar og lögðu áherslu á mikilvægi þess að viðræðurnar gengju hratt og vel. Ráðherrarnir lýstu einnig ánægju með áfangaskýrslu sameiginlegs starfshóps EFTA ríkjanna og Rússlands um nánara samstarf á sviði viðskipta og fjárfestinga og hugsanlegan fríverslunarsamning. Ráðherrarnir fögnuðu þar að auki þátttöku EFTA-ríkjanna innan EES í viðskiptakerfi Evrópusambandsins með útstreymisheimildir gróðurhúsalofttegunda fyrir tímabilið 2008-2012. Þeir lögðu áherslu á mikilvægi þess að hinu nána samstarfi við Evrópusambandið verði haldið áfram. Þá lýstu ráðherrarnir yfir ánægju með innleiðingu REACH-löggjafar Evrópusambandsins um efni og efnavörur í EES-samninginn, sem og þátttöku EFTA-ríkjanna innan EES í hinni nýju Efnastofnun Evrópusambandsins. Að lokum fögnuðu þeir þátttöku EES EFTA ríkjanna í fagstofnunum Evrópusambandsins á tímabilinu 2007-2013, sem mun stuðla að aukinni samkeppni og nýsköpun í Evrópu.

Fríverslunarsamtök Evrópu (EFTA) héldu sumarfund ráðherra aðildarríkjanna í Lugano í Sviss 30. júní 2008 undir forsæti Doris Leuthard sambandsráðherra, yfirmanns efnahagsráðuneytis Sviss. Ráðherrar EFTA-ríkjanna áttu þar fund með Luis Guillermo Plata, viðskipta- og iðnaðarráðherra Kólumbíu, og fögnuðu því að nýverið lauk samningaviðræðum um fríverslunarsamning milli EFTA-ríkjanna og Kólumbíu.

Ívilnandi viðskiptasambönd

Ráðherrar EFTA-ríkjanna lýstu ánægju með fjölgun fríverslunarsamninga á vegum EFTA við lönd víða um heim. Ráðherrarnir ítrekuðu að samhliða samningum á vegum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar væru fríverslunarsamningar EFTA mikilvæg verkfæri

¹ Óobinber þýðing úr ensku, gerð af EFTA-skrifstofunni.

til þess að efla viðskipta- og fjárfestingatengsl við viðskiptaríki um allan heim. Ráðherrarnir létu þess einnig getið að framkvæmd EFTA-sáttmálans gengi vel.

Ráðherrarnir lýstu ánægju yfir því að fríverslunarsamningur við Kanada var undirritaður í Davos í lok janúar 2008 og að fríverslunarsamningur EFTA við tollabandalag Suður-Afríkuríkja (SACU²) öðlaðist gildi hinn 1. maí 2008. Gildistakan eykur möguleika á að styrkja efnahagstengsl og samstarf við viðskiptaríki í suðurhluta Afríku.

Ráðherrarnir sögðu ennfremur ánægjulegt að lokið væri viðræðum um fríverslunarsamninga við Samstarfsráð Persaflóaríkja (GCC³) og Kólumbíu og sögðust vænta þess að undirrita mætti þessa samninga á næstu mánuðum. Vonir standa til að samningarnir efli enn frekar viðskipta- og fjárfestingatengsl við ríki Mið-Austurlanda og Suður-Ameríku.

Ráðherrarnir létu þess getið að umtalsverður árangur hefði náðst í samningaviðræðum við Alsír og Perú, sem nú standa yfir, og vonuðu að unnt yrði að ljúka þeim á þessu ári.

Ráðherrarnir lögðu áherslu á mikilvægi ráðstafana sem gerðar hafa verið undanfarið til að styrkja tengsl EFTA og mikilvægra viðskiptaríkja í Asíu. Í því tilliti sögðu ráðherrarnir ánægjulegt að hafnar væru samningaviðræður við Indverja um víðtækan verslunar- og fjárfestingasamning og lýstu vilja til að stuðla að því að viðræðurnar gengju hratt og vel. Jafnframt lýstu ráðherrarnir yfir að þeir væru reiðubúnir til að taka á ný upp samninga við Taílandinga og hefja viðræður við Indónesa. Þeir ítrekuðu ennfremur áhuga sinn á því að styrkja óformlegar viðræður við Malasíumenn í því skyni að efla viðskipta- og fjárfestingatengsl.

Ráðherrarnir skiptust á skoðunum um tvíhliða viðræður ýmissa EFTA-ríkja við Kínverja og Japana.

Ráðherrarnir undirstrikuðu jafnframt mikilvægi þess að fjölga enn frekar fríverslunarsamningum EFTA við Evrópuríki, með því að undirbúa jarðveginn fyrir fríverslunarviðræður við Rússland, Úkraínu og halda áfram því ferli með Serbíu og Albaníu. Ráðherrarnir lýstu yfir ánægju með áfangaskýrslu sameiginlegs starfshóps EFTA-ríkjanna og Rússlands sem hefur til umfjöllunar nánara samstarf á sviði viðskipta og fjárfestinga og hugsanlegan fríverslunarsamning og sögðust bíða með eftirvæntingu eftir því að lokið verði við gerð skýrslunnar í nóvember á þessu ári.

Samskipti við Evrópusambandið

Ráðherrarnir fögnuðu því að nýlega voru innleiddar eftirfarandi ákvarðanir í EES-samninginn:

- Matvælalöggjöf Evrópusambandsins, sem reglubindur þátttöku EFTA-ríkjanna innan evrópska efnahagssvæðisins (EES) í Matvælaöryggisstofnun Evrópu (EFSA) og víkkar gildissvið EES dýralækningalöggjafar til Íslands;

² SACU: Botswana, Lesotho, Namibía, Suður-Afríka og Svasíland.

³ Í samstarfráðinu eru eftirtalin ríki: Barein, Óman, Katar, Sádí-Arabía og Sameinuðu arabísku furstadæmin

- Tilskipun um viðskiptakerfi með útstreymisheimildir gróðurhúsalofttegunda, en innleiðing tilskipunarinnar gerir EES EFTA-ríkjunum kleift að taka þátt í kerfinu á tímabilinu 2008 - 2012;
- Réttur ríkisborgara Evrópusambandsins og fjölskyldumeðlima þeirra til þess að flytjast til og hafa búsetu innan landsvæðis aðildarríkja, samkvæmt ákvæðum EES samningsins;
- REACH, reglugerð Evrópusambandsins um efni og efnavörur og þar með þátttöku EFTA-ríkjanna innan EES í hinni nýstofnuðu Efnastofnun Evrópu.

Varðandi orku og loftslagsbreytingar þá lögðu ráðherrar áherslu á mikilvægi þess að hinu nána samstarfi við Evrópusambandið verði haldið áfram, meðal annars með því að styðja við orkutækni, aukna notkun endurnýjanlegra orkuauðlinda, til dæmis jarðhitaorku og kolefnissöfnun ásamt annarri tækni.

Ráðherrarnir veittu einnig athygli tillögu Evrópusambandsins um innleiðingu nýrra geira í losunarviðskiptakerfið og lögðu áherslu á að tillit verði tekið til sérstakra aðstæðna EFTA-ríkjanna innan EES.

Ráðherrarnir lögðu áherslu á mikilvægi þess að EFTA-ríkin innan EES tækju virkan þátt í frekari þróun á samþættri siglingastefnu Evrópusambandsins og lýstu yfir stuðningi við hina ítarlegu samþættingu málsins.

Ráðherrarnir fögnuðu virkri þátttöku EES EFTA-ríkjanna í EES-tengdum fagstofnunum Evrópusambandsins fyrir tímabilið 2007-2013, sem miðar að því að auka samkeppnishæfi og nýsköpun í Evrópu. Þetta samstarf stuðlar að sameiginlegum pólitískum og efnahagslegum markmiðum EES-samningsins.

Ráðherrarnir áréttuðu mikilvægi áframhaldandi þátttöku EFTA-ríkjanna innan EES í mótun löggjafar Evrópusambandsins í málefnum tengdum EES-ríkjunum, meðal annars með þátttöku í viðeigandi nefndum og vinnuhópum, og með því að koma á framfæri athugasemdum EES EFTA-ríkjanna. Í þessu samhengi minntust ráðherrar einnig á mikilvægi þess að meta hver áhrif Lissabon sáttmálans yrðu á löggjafarmótunina.

Ráðherrarnir létu einnig í ljós ánægju sína með þá framvindu sem hefur átt sér stað í rekstri Þróunarsjóðs EES og Norska þróunarsjóðsins. Um það bil 934 milljón evra hefur verið útdelt til einstakra verkefna og 145 milljón evra til hópa, svo sem frjálsra félagasamtaka, námsmanna og vísindamanna í gegnum sérstaka fjárstyrki. Í heild verður um 140 milljón evra úthlutað til Búlgaríu og Rúmeníu fram til apríl 2009 og sérstakir sjóðir fyrir námsmenn og frjáls félagasamtök eru nú í undirbúningi.

Alþjóðaviðskiptastofnunin

Ráðherrarnir ítrekuðu eindreginn stuðning sinn við starfsemi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og hið fjölbjódlega viðskiptakerfi. Þeir lögðu áherslu á að yfirstandandi viðræður þyrftu að ná til allra þátta viðskipta og voru sammála um að betri árangur þyrfti að nást ekki aðeins á sviði landbúnaðar heldur einnig á öðrum sviðum, til að mynda að því er varðaði iðnaðarvörur, þjónustu og viðskiptareglur. Þeir lýstu einnig vilja sínum til að tryggja að leiða mætti samningalotuna til lykta með góðum árangri í næstu framtíð.

Ráðgefandi nefndir

Ráðherrarnir áttu fundi með tveimur ráðgefandi nefndum EFTA: þingmannanefnd EFTA-ríkjanna og ráðgjafarnefnd EFTA þar sem fóru fram gagnleg skoðanaskipti í fjölmörgum málaflokkum, þar á meðal samskipti EFTA við ríki utan Evrópusambandsins, stöðu mála í Doha-lotunni í samningaviðræðum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, þróun mála í EES-samningnum, sem og framtíðarhorfur samningsins. Ráðherrarnir þökkðu mikilvægt framlag nefndanna og gagnlega vinnu þeirra varðandi stefnu EFTA í samskiptum við ríki utan Evrópusambandsins og þróun EES-samningsins. Nefndirnar tvær hafa sýnt starfi EFTA virkan áhuga og munu halda áfram árangursríku samstarfi sínu við systurstofnanir innan Evrópusambandsins og annarra samstarfsríkja EFTA.

Eftirtaldir ráðherrar sátu fundinn:

Sviss: Doris Leuthard, sambandsráðherra, yfirmaður efnhagsráðuneytis sambandslýðveldisins

Ísland: Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, utanríkisráðherra

Liechtenstein: Rita Kieber-Beck, utanríkisráðherra

Noregur: Annelene Svingen, aðstoðarráðherra viðskipta- og iðnaðarmála